


Efni: Grænakinn 19. Umsögn vegna breytinga.

Þann 15. apríl sl. Leggja eigendur hússins við Grænakinn 19 inn byggingarleyfisumsókn. Sótt er um að hækkað þak hússins og koma fyrir kvistum. Geymsluris breytt í íbúð og byggt yfir útitröppur á vesturhlið hússins. Húsið er tvíbýlishús og hafa eigendur neðri hæðar veitt samþykki sitt fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum.


Breytingar þær sem nú er óskað eftir falla að mestu innan þess ramma sem deiliskipulag Kinna heimilar. Viðbygging á vesturhlið hússins er sú framkvæmd sem fellur utan þess. Skv. Skilmálum deiliskipulagsins er gert ráð fyrir að nýtingarhlutfall lóða sem ekki eru fullbyggðar verði 0,55. Hins vegar er nýtingarhlutfall lóða innan skipulagsreits frá 0,18 - 0,78. Nhl. á lóðinni við Grænakinn 19 er nú 0,66 og verða 0,68 skv. teikningum Huldu Jónsdóttur arkitekt er fylgdu með erindinu. Skv. Fasteignaskrá er það 0,43. Ljóst er að stækkunin er ekki veruleg. Með breytingunni er einnig gert ráð fyrir bílastæði innan lóðar, líkt og heimild er til skv. deiliskipulagi.



Skjáskot úr gildandi deiliskipulagi frá 2007.
Blá lína byggingarreitur. Rauð lína bílskúr.



HAFNARFJÖRÐUR



Tillaga að stækkun hússins við Grænukeinn 19



ÚTLIT MÓT SUÐ-VESTRI

Núverandi útlit.



Ljósmynd ja.is frá 2017.

Þær tillögur sem nú eru lagðar fram eru háðar deiliskipulagsbreytingum þar sem viðbygging fer út fyrir byggingarreit og þyrfti því að grenndarkynna aðliggjandi lóðahöfum og nágrönnum í samræmi við skipulagslög. Jafnframt þarf að liggja fyrir skriflegt samþykki allra meðeigenda hússins vegna allra breytinga sem gerðar eru á húsi og lóðinni.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt